

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. desember 2017, haldinn í síma og á skrifstofu FV, Árnagötu 2-4, Ísafirði, kl 10.30. Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir, Jón Örn Pálsson og Sigurður Hreinsson.

Formaður setti fundinn og gengið til boðarar dagskrár;

- 1. Fundargerð stjórnarfundar 17. nóvember 2017**
- 2. Sóknaráætlun Vestfjarða.**
 - a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, úthlutun 2018
 - b. Viðaukasamningur SRN og FV við sóknaráætlun Vestfjarða
 - c. Fundargerðir stýrihóps
- 3. Fjárlög 2018**
- 4. Almenningsamgöngur**
- 5. Vestfjarðastofa**
 - a. Stofnfundur
 - b. Samningar um atvinnu, byggða og markaðsmál
- 6. Fundargerðir**
- 7. Önnur mál**

1. Fundargerð stjórnarfundar 17. nóvember 2017

Fundargerð sem áður var kynnt í tölvupósti lögð fram til staðfestingar. Formaður gerði tillögu um að fundargerð verði staðfest. Tillagan samþykkt.

2. Sóknaráætlun Vestfjarða.

- a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, úthlutun 2018

Lagðar fram þrjár fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða dags 7., 11. og 12. desember 2017, ásamt starfsreglum sem nefndin fór eftir við úthlutun. Nefndin fjallaði um styrkumsóknir í Uppbyggingarsjóð fyrir árið 2018, sem auglýstar voru til umsóknar nú í byrjun nóvember, og með lokafresti þann 21. nóvember s.l..

Á fundi þann 12. desember samþykkti nefndin úthlutun á alls 50,8 mkr. Þar af eru hærrí styrkir kr 16.000.000,- lægri styrkir kr 24.300.000,- og stofn og rekstarstyrkir menningarstofnana kr 10.500.000,-. Í úthlutun 2016 og 2017 voru samþykktir styrkir til fleiri ára í senn, alls nema þeir styrkir á árinu 2018 kr 15.100.000,-. Alls nemur úthlutun á árinu 2018 kr 65.900.000,-, þar af koma kr 1.400.000,- til endurúthlutunar af niðurfelldum styrkjum fyrri ára en kr 64.500.000,- vegna framlaga Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2018.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að svarbréfi til styrkþega þar sem samþykkt úthlutunarnefndar er staðfest. Einnig er gert grein fyrir skilmálum á greiðslum m.a. er settur lokafrestur um skil á samningi um verkefnastyrk til og með 5. febrúar 2018.

Framkvæmdastjóri gerði tillögu að bókun.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkir hækkun fjárhagsramma úthlutunar 2018 úr kr 64.500.000,- í kr 65.900.000,- á grundvelli endurúthlutunar niðurfelldra styrkja 2016 og 2017.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur yfirfarið og gerir ekki athugasemd við framkvæmd úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða á úthlutun sjóðsins fyrir árið 2018.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að svarbréfi til styrkþega.

Tillagan samþykkt samhljóða.

b. Viðaukasamningur SRN og FV við sóknaráætlun Vestfjarða

Lagður fram til kynningar viðaukasamningur við Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 dags. 24. október 2017, á milli Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Fjórðungssambands Vestfirðinga. Efni samningsins hafði áður verið kynnt í tölvupósti og stjórn gefið heimild til staðfestingu hans.

Heildarfjárhæð samningsins er 63,3 mkr og rennur að hluta til verkefna sem tilgreind eru í skýrslu nefndar forsætisráðuneytis um samfélags og atvinnuþróun á Vestfjörðum frá árinu 2016. Verkefnin eru sem hér segir;

Ný námsleið hjá Háskólasetri Vestfjarða	5.000.000
Rannsókn á Álftafjarðargöngum	3.000.000
Aukin tíðni flugs til Bíldudals	8.000.000
Fjarþjónusta í heilbrigðismálum á Vestfjörðum	8.000.000
Hitaveita á Hólmavík	4.000.000
Samtals.	28.000.000
og til samgönguverkefna	
Endurbætur á Flateyrarhöfn	35.000.000,-

Framkvæmdastjóri kynnti að verið sé að ganga fram verkefnasamningum milli FV og aðila sem koma að framkvæmd þeirra.

c. Fundargerðir stýrihóps

Fundargerð 41. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál lögð fram til kynningar.

3. Fjárlög 2018

Lagt fram frumvarp og greinargerð um fjárlög 2018, mál nr 1 löggjafarþing nr 148. og drög að umsögn FV um frumvarpið. Fjallað um efni umsagnar og samþykkt að framkvæmdastjóri sendi inn umsögn til fjárlaganefndar Alþingis og kynni efni hennar fyrir þingmönnum NV kjördæmis og sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Lagt fram frumvarp til laga mál nr 3 á 148. löggjafarþingi um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2018 („bandormur“). Kynnt drög að umsögn FV er varðar XVIII. kafla frumvarpsins um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og varðar tímabundna niðurfellingu virðisaukaskatt á hreinorkubílum. Stjórn FV samþykkir efni umsagnarinnar og felur framkvæmdastjóra að senda inn umsögn til efnahags og viðskiptanefndar Alþingis og kynna efni umsagnar fyrir þingmönnum NV kjördæmis og sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

4. Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að taka málið af dagskrá en það komi inn að nýju þegar fjárlög fyrir árið 2018 hafa verið afgreidd á Alþingi.

5. Vestfjarðastofa

a. Stofnfundur

Kynnt dagskrá og efni stofnfundar Vestfjarðastofu sem haldinn var þann 1. desember s.l..

b. Samningar um atvinnu, byggða og markaðsmál

Lagður fram samningur um atvinnu og byggðapróun á Vestfjörðum sem stjórn Byggðastofnunar samþykkti þann 8. desember s.l., samningurinn gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2022, endanleg fjárhæð samningsins ræðst við afgreiðslu fjárlaga 2018. Stefnt er að undirritun samningsins í janúar n.k..

Formaður gerði tillögu um afgreiðslu málsins.

Stjórn FV samþykkir að staðfesta samning við Byggðastofnun, en með fyrirvara um að aðilaskipti verði á samningum milli FV og Vestfjarðastofu ses þegar skráningu Vestfjarðastofu er lokið.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri kynnti að náðst hefði samkomulag við Ferðamálastofu um endurnýjun samnings um markaðsmál ferðapjónustu á Vestfjörðum auk nýrra verkefna um stoðþjónustu ferðamála á Vestfjörðum. Samningurinn gildir til loka 31. desember 2020, samningsfjárhæð er kr 22.757.000,-. Stefnt er að undirritun samningsins í janúar n.k..

Formaður gerði tillögu um afgreiðslu málsins.

Stjórn FV samþykkir að staðfesta samning við Ferðamálastofu, en með fyrirvara um að aðilaskipti verði á samningum milli FV og Vestfjarðastofu ses þegar skráningu Vestfjarðastofu er lokið.

c. gagntilboð í hlutafé Atvest

Í framhaldi af samþykkt stjórnar þann 17. nóvember s.l. sendi Fjórðungssamband Vestfirðinga hluthöfum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða tilboð um kaup á hlutafé í þeirra eigu. Gildir tilboðið til 18. desember n.k..

Lagður fram tölvupóstur frá mánudag 11. des s.l. um gagntilboð þriggja aðila og óskað staðfestingar stjórnar á svari FV sama dag, þess efnis að hafna gagntilboði á genginu 2,7364 og endurnýja tilboð FV á genginu 1,19 með vísan til greinargerða KPMG „Álit á virði hlutafjár Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða“ dags 16. nóvember 2017.

6. Fundargerðir.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Eyþing. Aðalfundargerð ársfundar 2017

Samband íslenskra sveitarfélaga, fundargerð nr 854

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, fundargerð 115.

7. Önnur mál

- a. Tillaga að starfsmönnum FV verði gefin aukafrídagur sem taka má á tímabilinu 22. des til og með 2. janúar.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um að starfsmönnum FV verði gefin aukafrídagur sem taka má á tímabilinu 22. des 207 til og með 2. janúar 2018. Tillagan samþykkt.

- b. Bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um úrsögn sveitarfélagsins úr BsVest. Kynnt bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 14. desember s.l. sem afgreidd var með 6 atkvæðum gegn 3 og varðar úrsögn Ísafjarðarbæjar úr Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Samkvæmt samþykktum BsVest skal leggja úrsögn fyrir næsta ársfund og tekur hún gildi næstu áramótum þar á eftir, eða í árslok 2019.

- c. Breyting á stjórn.

Ingibjörg Emilsdóttir kynnti að hún væri að flytja frá Vestfjörðum í upphafi næsta árs, en hún myndi sinna setu í sveitarstjórn Strandabyggðar og stjórn FV þar til kjörtímabili sveitarstjórnar líkur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00